

Svæða-og Viðbragðsmeðferð, "SOVmeðferð", er heilsumiðuð list snertingar, skynjunar og næmni, þar sem sértækri nuddtækni er beitt á hendur og fætur til heilsubótar.

Nuddskóli Reykjavíkur, í samstarfi við Svæða-og viðbragsmeðferðaskóla Íslands, sér um kennslu og útskrifar Svæða-og viðbragðsfræðinga, "SOVfræðinga", að loknu tveggja ára verk-og bóknámi.

Námslýsing Nuddskóla Reykjavíkur í SVÆÐA-OG VIÐBRAGÐSMEDFERÐ (2016)

Heildarnám í SVÆÐA-OG VIÐBRAGÐSMEDFERÐ.

Stigskipt verknám #1+#2+#3 alls 360 kennslustundir (240 klukkustundir).

#1 Aðfaranám (námskeið), 36 kennslustundir (24 klukkustundir).

#2 Svæðameðferð 144 kennslustundir (96 klukkustundir).

#3 Viðbragðsmeðferð 180 kennslustundir (120 klukkustundir).

#1 Aðfaranám; 36 kennslustunda námskeið í svæðameðferð á fótum
Afmarkað sjálfstætt námskeið sem skiptist á 5 daga utan almenns vinnutíma,
engin skuldbinding um framhald.

- Svæðameðferð til heimabruks
- Sjálfstyrking, spennulosun
- Einföld leið til að gefa þeim sem þér þykir vænt um góða slökun
- Undirstöðuatriði í svæðameðferð
- Heimavinna er í formi nuddæfinga á milli kennsludaga
- Góð undirstaða fyrir frekara nám
- Námskeiðið er metið sem hluti af heildarnámi í SOVmeðferð

#2 Svæðameðferð; 144 kennslustundir, engin skuldbinding um framhald.

- Svæðameðferð á fótum og höndum (samfellt framhald #1 aðfaranáms)
- Líffæra og lífeðlisfræði í tengslum við meðferðina er fléttuð inn í kennsluna
- Verkefni eru í formi fjarnáms
- Samþætting námsáfanga
- Heimavinna
 - í formi nuddæfinga á milli kennsludaga
 - Lesefni frá kennara: Stutt yfirlit; Líffærakerfi
- Stöðumat

Nemendur fá staðfestingu á að hafa lokið fyrri hluta verknáms í SOVmeðferð, námsáfanga #1 og #2 í Svæðameðferð alls 180 kennslustundir. Námið er metið sem hluti af heildarnámi í SOVmeðferð.

#3 Viðbragðsmeðferð; 180 kennslustundir

- Samfelld framhald #2 Svæðameðferð
- Orkubrautameðferð – Orkubrautir og orkupunktur á höndum og fótum
- Taugaviðbragðsmeðferð – Tilfærður sársauki (K)
- Líffæra og lífeðlisfræði í tengslum við meðferðina er fléttuð inn í kennsluna
- Samhæfing meðferðaforma
- Heimavinna
 - Í formi nuddæfinga milli kennsludaga.
 - Skýrslugerðir, verkefni í formi fjarnáms.
 - Lesefni: Stutt yfirlit: Líffærakerfi, lesefni frá kennara
- Starfsþjálfun er á ábyrgð nemandans og byggist á að hann taki nuddþega í meðferð og geri meðferðaskýrslur, vegna tiltekinna álagseinkenna. Í lok starfsþjálfunartíma skal skila til skólans fullgerðri lokaaskýrslu/ritgerð* svo og 100 vottuðum nuddmeðferðum frá 10 > nuddþegum.
 - * Lokaskýrsla/ritgerð skal innihalda nákvæma lýsingu á 10 nuddmeðferðum. Í skýrslu skal koma fram lýsing, framvinda og meðferðasaga nuddþega. Lýsing einkenna skv. tveim til þrem fræðigreinum, (með tilvísun í höfunda). Einnig komi fram markmið meðferða, meðferðalýsing hvers nuddtíma ásamt samantekt á umsögn nuddgjafa og nuddþega um væntingar og árangur meðferðar. Ath. Skólanum er heimilt að nýta skýrslur sem fróðleiksefni
- Verknámi líkur með námsmati kennara.
- Bóknám er ekki hluti verknáms en hægt að taka í Fjölbauta og verkmenntaskólum. Lámarskröfur í bóknámi eru skv. kröfum "BIG", Bandalags íslenskra græðara, www.big.is, (nú 2016; 6 einingar í líffæra- og lífeðlisfræði, 5 einingar í sjúkdómafræði, 2 einingar í siðfræði, auk gildra skyndihjálparréttinda).

Að loknu verk og bóknámi getur SOVfræðingur sótt um fulla aðild að "SSOVÍ" Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi www.svaedamedferd.is

Umsókn skal fylgja staðfesting skóla um verk- og bóknám.

SOVfræðingur getur sótt aðild að "BIG" Bandalagi íslenskra græðara www.big.is